



Northern
Cereals



Northern Periphery and
Arctic Programme
2014-2020



EUROPEAN UNION
Investing in your future
European Regional Development Fund

Northern Periphery and Arctic Programme
Northern Cereals – New Markets for a Changing Environment

Þurrkun og geymsla korns

Leiðbeiningar

Þurrkað korn býður upp á fleiri möguleika en votverkað korn. Rétt framkvæmd þurrkunar er forsenda fyrir góðu geymsluþoli og heilnæmu korni fyrir búfé og fólk.

Kornskurður

- Mikil úrkoma kallar á varkárni. Þegar kornið er rakt geta myglusveppir vaxið á akrinum en sumar tegundir myglusveppa geta myndað eiturefni, svokölluð mýkótoxín, sem eru skaðleg fyrir búfé og fólk. Hugsanlegt er að korn byrji að spíra á akrinum þegar blautt er.
- Best er að kornið þorni sem mest á akri fyrir skurð. Kímið er í mikilli hættu og merst og deyr ef of blautt korn er skorið. Þetta er úrslitaatriði þegar um er að ræða sáðkorn og maltkorn.

Þurrkun

- Að kornskurði loknum ætti að þurrka korn eins fljótt og mögulegt er til að koma í veg fyrir að það skemmist og mýkótoxín eiturefni myndist. Óþurrkað korn ætti helst ekki að geyma lengur en í 2-3 klst. Þangað til þurrkun hefst. Kornið getur byrjað að volgna ótrúlega hratt og þá getur það farið að skemmast. Hægt er að setja korn sem býður þurrkunar í súgþurrkun þar sem köldu lofti er blásið gegnum kornið. Með þessu móti geymist kornið í 2-3 daga og þegar kemur að sjálfri þurrkuninni gengur hún greiðar fyrir sig. Öflug súgþurrkun er því nauðsynleg ef geyma þarf korn af akri.
- Mikilvægt er að þurrka sáðkorn og korn sem ætlað er til möltunar, baksturs eða matreiðslu, við fremur lágt hitastig. Mælt er með því að hitastig kornsins sjálfs meðan á þurrkun stendur fari ekki yfir 38°C (sáðkorn og bygg til möltunar) eða 43°C (bygg til matvælaframleiðslu). Annars er hættu á ofhitnun og skemmdum á kíminu en þá er spírun og möltun útilokuð. Fóðurkorn ætti ekki að ná hærri hita en 60 °C. Raunverulegt hitastig kornsins í þurrkaranum ætti að mæla

með því að taka sýni út úr honum og mæla með hitamæli. Stillingar á þurrkaranum ættu að vera í samræmi við leiðbeiningar með honum.

- Mygla ætti ekki að vera sýnileg á korninu.
- Mæla ætti vatnsinnihald kornsins frá akri til geymslu.
- Til að draga úr kostnaði ætti ekki að þurrka korn meira en nauðsynlegt er til að hægt sé að geyma það óskemmt. Í flestum tilfellum er nægjanlegt að vatnsinnihald byggs sé komið niður í 12-14%.
- Jarðhita og rafmagn ætti að kanna sem orkugjafa til að auka sjálfbærni.

Korngeymslur

- Mjög mikilvægt er að geymslur fyrir korn séu hreinar og þurrar og varðar fyrir skordýrum og meindýrum.
- Ef geymslur eru of rakar, mun raki kornsins aukast, og það getur skemmst ef bakteríur, myglusveppir og skordýr ná fótfestu. Því ætti að fylgjast með rakastigi og hitastigi í geymslum, ásamt því að fylgjast með raka og hitastigi í korninu sjálfu.